

Reykjalundur endurhæfing ehf.

5. fundur stjórnar 26. janúar 2021 kl. 08.15-10.00 haldinn í fjarfundakerfinu Teams.

Boðaðir eru; Anna Stefánsdóttir, Gunnar Ármannsson, Haraldur Sverrisson, Arna Harðardóttir, varamaður og Pétur Magnússon, forstjóri. Fundarritari er Helgi Kristjónsson.

Dagskrá.

1. Skipurit Reykjalundar til samþykktar.

PM kynnir endurskoðað skipurit Reykjalundar. Skipuritið er samþykkt samhljóða, innleiðing hefst 1. febrúar 2021.

2. Rekstraráætlun 2021 – til samþykktar.

Rekstraráætlun ársins 2021 er samþykkt, stjórn Reykjalundar endurhæfingar ehf. hvetur forstjóra og framkvæmdastjórn til að fylgja áætluninni vel eftir. Markmiðið er að rekstur verði á jöfnuði á árinu og framkvæmdastjórn skal vinna að þeim markmiðum sem nauðsynlegt er að setja til að svo megi verða. Forstjóri skal gera stjórn grein fyrir stöðu rekstrar á þriggja mánaða fresti.

3. Markmið næstu tveggja ára um hallalausan rekstur.

Stjórn felur forstjóra og framkvæmdastjórn að setja Reykjalundi rekstrarmarkmið til næstu tveggja ára. Rekstur skal vera innan fjárheimilda þjónustusamningsins við SÍ.

4. Covidsmit á Reykjalundi 2020 – stöðuskýrsla.

PM kynnir skýrslu Dr. Mörtu Guðjónsdóttur rannsóknarstjóra Reykjalundar sem ber heitið „Stöðuskýrsla COVID smit á Reykjalundi í október 2020“ frá 20. desember 2020 ásamt greinargerð dagsettri 8. janúar 2021 frá framkvæmdastjórn Reykjalundar vegna stöðuskýrslu um COVID smit á Reykjalundi í október 2020. Bæði skýrslan og greinargerðin voru send Landlæknisembættinu til umsagnar þann 23. janúar 2021.

5. Stytting vinnuvikunnar – staðan á Reykjalundi.

PM kynnir að í samræmi við kjarasamninga verði tekin upp 4 klukkutíma stytting vinnuvikunnar frá og með 1. febrúar 2021 hjá almennu dagvinnustarfsfólki Reykjalundar

6. Önnur mál

- a. Næstu fundir stjórnar verða 23. febrúar, 23. mars, 20. apríl og 25. maí.
- b. Aðild Reykjalundar endurhæfingar ehf. að Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu. Stjórn Reykjalundar endurhæfingar ehf. er jákvæð fyrir þessum áformum.